

Minnisblað til skólanefndar – vegna umsókna og innritunar fyrir haustið 2025.

Samþykkt var á fundi skólanefndar í mars 2025 að halda næsta fund í september 2025. Í millitíðinni yrði sent út minnisblað þar sem helstu upplýsingar um aðsókn og innritun kæmu fram.

Vorið 2025 fengum við 750 umsóknir nýnema beint úr 10. bekk. þ.e. 307 í fyrsta val (210 í fyrra), 221 í annað val (196 í fyrra) og 222 í þriðja val (var ekki í boði í fyrra). MH er í fimmta sæti yfir fjölda umsókna í fyrsta val á eftir Verzlunarskólanum, Tækniskólanum, MK og Kvennaskólanum. Núna var í fyrsta skipti hægt að sækja um skóla í þriðja vali. Með því var hægt að vinna betur með þá nemendur sem ekki komust inn í sitt fyrsta eða annað val.

Skóli	Val 1	Val 2	Val 3	Alls
Verzlunarskóli Íslands	621	216	53	890
Tækniskólinn	439	484	150	1073
Menntaskólinn í Kópavogi	385	476	273	1134
Kvennaskólinn í Reykjavík	363	473	150	986
Menntaskólinn við Hamrahlíð	307	221	222	750
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	292	53	20	365
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	275	509	287	1071
Fjölbrautaskóli Suðurlands	260	72	20	352
Menntaskólinn í Reykjavík	252	289	116	657
Menntaskólinn á Akureyri	240	177	20	437
Verkmenntaskólinn á Akureyri	232	277	13	522
Borgarhóltsskóli	207	278	182	667
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	183	313	152	648
Menntaskólinn við Sund	181	285	244	710
Fjölbrautaskóli Vesturlands	130	54	16	200
Flensborgarskólinn í Hafnarfirði	127	207	160	494
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	115	158	123	396
Menntaskólinn á Egilsstöðum	92	51	9	152
Menntaskólinn á Ísafirði	63	12	3	78
Menntaskólinn að Laugarvatni	59	110	9	178
Fjölbrautaskóli Norðurlands Vestra	56	30	4	90
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	38	9	4	51
Framhaldsskólinn á Laugum	36	43	9	88
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	33	63	32	128
Menntaskóli Borgarfjarðar	33	43	12	88
Verkmenntaskóli Austurlands	30	48	3	81
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	21	23	6	50
Menntaskóli í tónlist	20	17	7	44
Menntaskólinn á Tröllaskaga	12	31	5	48
Framhaldsskólinn á Húsavík	12	9	6	27
Framhaldsskólinn í A-Skaftaf	10	3	0	13
Fisktækniskóli Íslands ehf	3	16	0	19

Til viðbótar fengum við 27 umsóknir á fjölnámsbraut, 82 umsóknir frá eldri nemendum og 10 umsóknir á IB braut frá nemendum sem eru að flytja til landsins (fyrir utan þær sem koma inn í gegnum umsóknarvefinn).


Samþykktar voru:

- 268 umsóknir nýnema beint úr grunnskóla
- 11 umsóknir á fjölnámsbraut
- 38 umsóknir eldri nýnema

Nýnema umsóknir hafa aldrei verið svona margar og bættum við við hópum í íslensku, jarðfræði, ensku og sögu miðað við upphaflega áætlun til að geta tekið á móti svona mörgum. Einnig réðum við inn aukakennara í íslensku, ensku og stærðfræði til að manna hópana.

Fjöldi nemenda sem kom inn í fyrsta vali voru 219/307 og öðru 38/221 og þriðja 11/222.

Skipting nemenda eftir brautum:



Nýtt innritunarforrit var notað í fyrsta skipti í vor og gátu nemendur sótt um til og með 10 júní. Við fengum fyrstu gögn seinnipart þriðjudagsins 11. júní og skiluðum inn lokalista á hádegi föstudaginn 13. júní. Þá var að hægt að sjá hverjir af okkar umsækjendum væru ekki komnir með pláss og fórum við aftur yfir lista nemenda sem höfðu valið okkur en ekki komist inn (og heldur ekki í aðra skóla) og samþykktum 14 til viðbótar við þá 250 sem við stefndum á að taka. Lokalistar til innritunar komu inn seinnipartinn 19. júní. Þá var búið að koma öllum nemendum inn í framhaldsskóla. Skólarnir gátu lítið byrjað að vinna með nemendur á meðan MMS var að finna nemendum pláss og varð því mikil seinkunn á því á vinnu skólanna.

20. júní var hægt að byrja að vinna í gögnum og velja á nýnema og upp úr hádegi fengu þeir sjálfvirktt svar frá MMS í hvaða skóla þeir væru komnir inn í.

Greiðsluseðlar voru sendir út mánudaginn 23. júní og nemendur fengu póst frá MH um inngöngu í skólann og nánari upplýsing um skólabyrjun. [Þann póst má finna á heimasíðunni.](#)

Heildarfjöldi nemenda í MH er í dag 1012 og eftir er að bæta við nemendum frá MÍT og þeim sem koma inn í norsku eða sænsku. Heildarfjöldinn í byrjun september í fyrra var 1027 þannig að við verðum væntanlega tæplega 1100 í haust.